Greiningardeild • greining@arionbanki.is • arionbanki.is

Markaðspunktar í dag:

- Verðbólgan í október: Spáum 0,4% hækkun milli mánaða
- Bráðabirgðaspá: 0,4% verðbólga út árið

Verðbólgan í október: Spáum 0,4% hækkun milli mánaða

Greiningardeild gerir ráð fyrir 0,4% hækkun vísitölu neysluverðs (VNV) í október og mun 12 mánaða taktur VNV því lækka í 5,4% samanborið við 5,7% í september. Hagstofan birtir tölur um VNV í fyrramálið.

Fasteignamarkaður á uppleið. Aukin umsvif á fasteignamarkaði komu bersýnilega í ljós í septembermælingu FMR sem birt var í gær. Þar má sjá að vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði **um 1,3%** frá fyrri mánuði. Að okkar mati er útlit fyrir að húsnæðisliðurinn verði einn helsti drifkraftur verðbólgunnar á næstu misserum, þ.e. ef spá greiningardeildar um 18% uppsafnaða nafnverðshækkun á húsnæði til loka ársins 2013 gengur eftir. Má gera ráð fyrir að sá hluti húsnæðisliðarins í VNV sem endurspeglar þróun markaðsverðs (reiknuð leiga) hækki að meðaltali um **0,1% í hverjum mánuði** allt til loka ársins 2013. Hér er þó ekki um miklar hækkanir að ræða og má í því samhengi nefna að þessi sami liður hefur að meðaltali hækkað VNV um 0,6% í hverjum mánuði það sem af er þessu ári.

Hrávörumarkaðir sveiflast. Um tíma leit út fyrir að olíu- og hrávöruverðslækkanir á erlendum mörkuðum myndu draga úr verðbólguhraðanum á þessu ári. Á tæpum mánuði lækkaði t.d. heimsmarkaðsverð á bensíni um rúm 15%, mælt í krónum, sem skilaði sér í 7 krónu lækkun eldsneytisverðs hér innanlands. Þessi lækkun hefur þó gengið að miklu leyti til baka, en verðið hefur hækkað á ný um ca. 5 krónur á lítra hér heima. Þó mun koma fram veruleg lækkun í VNV í október á eldsneytisliðnum þar sem verðmæling Hagstofunnar nær ekki að fanga hækkun síðustu daga hér innanlands. Að öðru óbreyttu má því búast við hækkun á eldsneytisliðnum í nóvember. Í ljósi óvissu á erlendum mörkuðum er líklegt að verulegar verðsveiflur verði viðvarandi á hrávörumörkuðum á næstu misserum.


Helstu atriði í októberspánni:

- **Eldsneytisverð lækkar.** Þrátt fyrir að eldsneytisverð hafi hækkað síðustu daga þá munu þau áhrif ekki mælast í októbermælingu Hagstofunnar þar sem verðmælingum var að mestu lokið þegar hækkanirnar áttu sér stað. Eldsneytisliðurinn í október mun því hafa lækkunaráhrif á VNV. Að öðru óbreyttu mun eldsneytisliðurinn hins vegar hækka á ný í nóvember. *Áhrif á VNV í október: -0,1%*

- **Húsnæðisliðurinn hækkar.** Í október í fyrra hafði liðurinn húsnæði, hiti og rafmagn mikil áhrif á VNV (+0,43%). Ástæðuna má rekja til mikillar gjaldskrárhækkunar Orkuveitunnar á hita og rafmagni. Ekkert slíkt hefur verið boðað nú. Ef marka má tölur Fasteignaskrár Íslands um þróun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu í september hefur fasteignverð hækkað um 1,3% frá fyrri mánuði. Eins og oft hefur komið fram þá tekur Hagstofan mið af þriggja mánaða hlaupandi meðaltali á mánaðarbreytingu íbúðaverðs á landinu öllu. Þó má leiða að því líkum að

markaðsverðsliður VNV (reiknuð leiga) fari hækkandi í takt við þróun á markaði upp á síðkastið. *Áhrif húsnæðisliðar á VNV: +0,1%*

- **Flugfargjöld hækka.** Síðustu ár hefur það sýnt sig að flugfargjöld hækka almennt hressilega í október. Miðað við reynslu síðustu ára má þó reikna með því að hækkunin gangi tilbaka í nóvember. *Áhrif í október:+0,15%*




Bráðabirgðaspá: 0,4% verðbólga út árið

Að mati greiningardeildar mun verðlag hækka um 0,4% til viðbótar á þessu ári. Samkvæmt bráðabirgðaspánni gerum við ráð fyrir 0,2% hækkun VNV í nóvember og einnig í desember. Gangi spáin eftir mun 12 mánaða verðbólga verða 5,4% í árslok. Í janúar mun svo 12 mánaða takturinn taka kipp upp á ný og fara í 5,9%. Þessa hækkun má rekja til þess að í janúar á þessu ári var útvarpsgjaldið tekið út úr VNV og því mældist óvenju mikil verðhjöðnun í upphafi þessa árs. Þetta gæti orðið til þess að árstakturinn taki kipp upp á við í janúar 2012. Eftir janúarmælinguna er það okkar mat að 12 mánaða verðbólga muni fara lækkandi. Þó verður að hafa í huga að snöggar breytingar geta átt sér stað, t.d. á gengi krónunnar og á erlendum mörkuðum, sem geta breytt verðbólguhorfum hratt.

Gjaldskrárhækkanir í pípunum. Flest bendir til þess að áhrif af hækkun gjalda og skatta á VNV verði minni á næsta ári en á þessu ári. Þó ber að hafa í huga að sveitarfélög eiga enn eftir að birta fjárhagsáætlanir sínar sem gætu breytt þessari mynd. Áhrif af hækkun bensíngjalds skv. fjárlagafrumvarpi mun líklega hækka verð á bensínlítranum um **4,5-6 kr** á fyrstu mánuðum næsta árs – sem gæti leitt af sér um 0,1% hækkun á VNV að öðru óbreyttu. Áfengisgjald mun sömuleiðis hafa áhrif til hækkunar á VNV en ekki er hægt að segja til með vissu hversu sterk áhrifin gætu orðið. Þó má búast við að áhrifin verði hófleg.

Bráðabirgðaspá næstu mánuði:

- **Nóvember: +0,2%,** Hækkun á eldsneytisverði og húsnæðislið, flugfargjöld lækka.
- **Desember: +0,2%,** Flugfargjöld og húsnæðisliður hækka.
- **Janúar: -0,5%,** Við gerum ráð fyrir svipuðum útsöluáhrifum og síðustu ár (-0,8%). Á móti útsöluáhrifunum koma hins vegar skatta- og gjaldskrárhækkanir á vegum hins opinbera en heildaráhrifin verða líklega á bilinu 0,2-0,3% til hækkunar VNV í janúar. Enn ríkir þó mikil óvissa um hver áhrifin verða af gjaldskrárhækkunum sveitarfélaga.



Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka		
Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is